

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 212/2008

2015/EES/8/57

frá 7. mars 2008

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagreiðninga landbúnaðarins í Bandalaginu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagreiðninga landbúnaðarins í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Endurskoðuð atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, svonefnd NACE, 2. endurskoðun (hér á eftir nefnd atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), var samþykkt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið ⁽²⁾.
- 2) Samþykka skal nauðsynlegar ráðstafanir fyrir framkvæmd þeirrar reglugerðar svo að kveðið sé á um notkun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), á ýmsum hagskýrslusviðum.

- 3) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er sett fram aðferðafræði um hagreiðninga landbúnaðarins í Bandalaginu (e. *EEA*). Vegna endurskoðunar á atvinnugreinaflokkinum skal uppfæra aðferðafræði hagreiðninga landbúnaðarins og í stað tilvísana í atvinnugreinaflokkinum Evrópubandalaganna, (NACE 1.1. endursk.), komi atvinnugreinaflokkinum Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.).
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 138/2004 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun 72/279/EBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 8.3.2008, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 23.

(¹) Stjtið ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 909/2006 (Stjtið. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 14).

(²) Stjtið ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

(³) Stjtið. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Í öllum textanum komi „atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE 2. endursk.)“ í stað „atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 1. endursk.)“.
- 2) Í öllum textanum komi „atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, (ISIC, 4. endursk.)“ í stað „atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, (ISIC, 3. endursk.)“.
- 3) Í stað liðar 1.23 komi eftirfarandi:

„1.23. Ef sérhæfðar einingar vinna á hinn bóginn ekki að öllu leyti verktakavinnuna (t.d. ef ábúendur leigja vélar en nota eigin starfsmenn) verður að skrá þá starfsemi í deild 77 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga); í því tilviki skal færa fjárhæðir, sem ábúendur greiða fyrir tækjum, sem vinna samkvæmt verksamningi, sem „aðrar vörur og þjónusta“ undir „aðfanganotkun“ (sbr. lið 2.108).“
- 4) Í stað liðar 1.55 komi eftirfarandi:

„1.55. Hagreikningar landbúnaðarins eru óaðskiljanlegur hluti evrópska þjóðhagsreikningakerfisins og af þeim sökum er við samantekt þeirra stuðst við almenna flokkun Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat), atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE 2. endursk.). Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.), er fjögurra þrepa flokkunarkerfi yfir atvinnustarfsemi sem var tekið saman 2006. Það er í raun endurskoðun á almennu atvinnugreinaflokkuninni eftir atvinnustarfsemi í Evrópubandalögunum, eða atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), sem Hagstofa Evrópubandalaganna birti fyrst árið 1970.“
- 5) Í stað liðar 1.57 komi eftirfarandi:

„1.57. Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), er flokkun atvinnustarfsemi sem er notuð til að skilgreina atvinnugreinar í þjóðhagsreikningum. Hún byggist á fjögurra þrepa flokkunarkerfinu sem lýst er hér að framan:

 - fyrsta þrep, auðkennt með bókstafskóða (bálkar),
 - annað þrep, auðkennt með tveimur tölustöfum (deildir),
 - þriðja þrep, auðkennt með þremur tölustöfum (flokkar) og
 - fjórða þrep, auðkennt með fjórum tölustöfum (greinar).“
- 6) Í stað liðar 1.62 komi eftirfarandi:

„1.62. Að því er varðar þjóðhagsreikninga er atvinnugreinin landbúnaður skilgreind sem einingar, sem einar sér eða ásamt annarri aukastarfsemi, annast starfsemi sem heyrir undir deild 01 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), „Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi“. Til deildar 01 telst (*):

 - Flokkur 01.1: Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra,
 - Flokkur 01.2: Ræktun fjölærra nytjajurta,
 - Flokkur 01.3 Plöntufjölgun,
 - Flokkur 01.4: Búfjárrækt,
 - Flokkur 01.5: Blandaður búskapur,
 - Flokkur 01.6: Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta
 - Flokkur 01.7: : Veiðar og tengd þjónustustarfsemi.

(*) Sjá einnig „Skýringar“: Hagstofa Evrópubandalaganna. Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE 2. endursk.), Theme 2, Series E, Lúxemborg, 2007.“

7) Í stað liðar 1.63 komi eftirfarandi:

„1.63. Skráin yfir einkenni landbúnaðarstarfsemi í hagrækingum landbúnaðarins samsvarar þessum sjö flokkum starfsemi (01.1 til 01.7) með eftirfarandi frávikum:

- að meðtalinni framleiðslu víns og ólífuolíu úr vínberjum og ólífum (þó ekki úr þrúgum og ólífum sem sama bújörð ræktar) (*),
- undanskilin er starfsemi sem tengist framleiðslu á fræi, þ.e.a.s. allri vinnu við myndun útsæðis, og tiltekinni starfsemi sem í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), telst vera þjónustustarfsemi í tengslum við landbúnað (t.d. rekstur áveitukerfa - einungis er fært launað starf sem telst til landbúnaðar).

(*) Það að þessi starfsemi er tekin með felur ekki í sér frávik frá atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.), sjá „Inngangsviðmiðunarreglur“ um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.).“

8) Í stað liðar 1.64 komi eftirfarandi:

„1.64. Telja skal með allar einingar sem annast starfsemi sem er einkennandi fyrir atvinnugreinina landbúnað í hagrækingum landbúnaðarins. Einingarnar sem um ræðir annast starfsemi sem telst til eftirfarandi flokks í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

- Flokkar 01.1 og 01.2: Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra og ræktun fjölærra nytjajurta,
- framleiðsla fræs: aðeins einingarnar sem fást við fræfjölgun,
- Flokkur 01.3: Plöntufjölgun
- Flokkur 01.4: Búfjárrækt
- Flokkur 01.5: Blandaður búskapur
- Flokkur 01.6: Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta
- að undanskildum einingum sem annast landbúnaðarþjónustu sem er ekki verktakavinna (þ.e. einingar sem sjá um rekstur áveitukerfa eða annast vinnslu fræja fyrir sáningu),
- flokkur 01.7: Veiðar og tengd þjónustustarfsemi.“

9) Ákvæði liðar 1.65 falla brott.

10) Í stað fyrirsagnar a-liðar liðar 1.67 komi eftirfarandi:

„a) Flokkar frá 01.1 til 01.3: Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra og ræktun fjölærra nytjajurta, plöntufjölgun“

11) Í stað liðar 1.67 komi eftirfarandi:

„1.67. Í flokkum frá 01.1 til 01.3 er kerfisbundin sundurliðun sem gerir kleift að flokka alla starfsemi við framleiðslu nytjajurta í aðildarríkjum ESB.“

12) Ákvæði liðar 1.69 falla brott.

13) Í stað liðar 1.71 komi eftirfarandi:

„1.71. Þegar landbúnaðarafurðir eigin ræktunar eru unnar í sömu framleiðslueiningu teljast þær samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (*), einnig til landbúnaðar. Sem dæmi má taka að þrúgumust, vín og ólífuolía teljast til matvælaafurða í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Í NACE, 2. endursk., fellur framleiðsla á víni og ólífuolíu undir bálk C „Framleiðsla“ (greinar 11.02 „Framleiðsla á víni úr þrúgum“ og 10.41 „Framleiðsla á olíu og feiti“). Aðeins framleiðsla vínþrúgna og ólífa falla undir landbúnað (grein 01.21 „Ræktun á þrúgum“ og 01.26 „Ræktun olíuríkra ávaxta“). Samkvæmt framangreindri vaxta teljast þó vín og ólífuolía, sem eru framleidd úr þrúgum og ólífum í sömu framleiðslueiningu, til landbúnaðar.

(*) Sjá „Inngangsviðmiðunarreglur“ um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.): Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, Theme 2, Series E, Lúxemborg, 2007.“

14) Í stað fyrirsagnar í b-lið yfir lið 1.76 komi eftirfarandi:

„b) Flokkur 01.4: Búfjárrækt“

15) Ákvæði liðar 1.77 falla brott.

16) Í stað annars málsliðar í lið 1.78 kemur eftirfarandi:

„Þó skal bent á að rekstur kappreiðahesthúsa og reiðskóla er ekki einkennandi fyrir landbúnaðarstarfsemi (það heyrir undir „Íþróttá- og tólmstundastarfsemi“: Deild 93) (sbr. lið 2.210).“

17) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnar c-liðar við lið 1.80:

„c) Flokkur 01.6: Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta.“

18) Í stað liðar 1.80 komi eftirfarandi:

„1.80. Skipta má starfsemi í flokki 01.6 í tvennt:

— landbúnaðarþjónustu í formi verktakavinnu á framleiðslustiginu (þ.e. verktakavinnu í landbúnaði),

— „aðra“ landbúnaðarþjónustu (rekstur áveitukerfa, vinnsla fræs fyrir sáningu o.s.frv.).“

19) Í stað liðar 1.81 komi eftirfarandi:

„1.81. Ekki er farið með þjónustustarfsemi í landbúnaði í síðara tilvikinu sem starfsemi sem er einkennandi fyrir hagreiðninga landbúnaðarins (þrátt fyrir að hún sé færð í landbúnaðarhluta þjóðhagsreiðninga) þar sem hún er ekki hefðbundin eða dæmigerð landbúnaðarstarfsemi.“

20) Í stað annars málsliðar í lið 1.86 komi eftirfarandi:

„Ef bóndinn leigir á hinn bóginn vélar án stjórnanda eða aðeins með nokkrum þeirra sem þarf til að manna þær, og heldur áfram starfseminni sem slíki með vélunum, flokkast þessi starfsemi undir Deild 77 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, endursk. 2.).“

21) Í stað liðar 1.89 komi eftirfarandi:

„1.89. Búfjárrækt, sem er rekin á bóndabýlum gegn endurgjaldi (lagt til land fyrir búfé), er verktakavinna í landbúnaði þar sem hún er hluti af framleiðsluferlinu í landbúnaðinum. Ekki er þó innifalið í þessum lið eldi og umönnun einkareiddinga þar eð þess háttar starfsemi felur ekki í sér vöruframleiðslu en er hrein þjónusta í skilningi ESA-’95 (bálgur R í NACE 2. endursk.).“

22) Í stað fyrirsagnar í d-lið yfir lið 1.92 komi eftirfarandi:

„d) Flokkur 01.7: Veiðar og tengd þjónustustarfsemi“

23) Í stað liðar 1.92 komi eftirfarandi:

„1.92. Þessi flokkur tekur til eftirfarandi starfsemi: i. Veiðar í atvinnuskyni; ii. Þegar dýr eru tekin (dauð eða lifandi) til matar, til að nýta af þeim loðskinn, skinn eða til að nota þau í rannsóknum, setja í dýragarða eða hafa þau sem gæludýr; iii. Framleiðsla á loðskinnum, skriðdýra- eða fuglshömum af veiddum dýrum. Bent skal á að framleiðsla sláturhúsa á húðum og leðri og dýraveiðar sem íþrótt eða tólmstundaiðkun teljast ekki til dæmigerðrar starfsemi í landbúnaðinum. Því er svo við að bæta að flokkurinn „veiðar“ felur ekki í sér undaneldi veiðidýra á bújörðum sem skal færa samkvæmt grein 01.49 „Ræktun annarra dýra“. Bent skal á að framleiðsla sláturhúsa á húðum og leðri og dýraveiðar sem íþrótt eða tólmstundaiðkun teljast ekki til dæmigerðrar starfsemi í landbúnaðinum. Því er svo við að bæta að flokkurinn „veiðar“ felur ekki í sér undaneldi veiðidýra á bújörðum sem skal færa sem hluta undir flokk 01.49 „Ræktun annarra dýra“.“

24) Í stað jöfnunnar fyrir atvinnugreinina landbúnað í hagreiðningum landbúnaðarins í lið 1.93 kemur eftirfarandi:

- „Atvinnugreinin landbúnaður í hagreiðningum landbúnaðarins = landbúnaðarhluti þjóðhagsreiðninga
- Einingar sem framleiða fræ (til rannsóknar eða vottunar)
 - Framleiðsla eininga í þjónustu við landbúnaðinn að undanskilinni verktakastarfsemi í landbúnaði (t.d. rekstur áveitukerfa)
 - Einingar þar sem landbúnaðarstarfsemi er einvörðungu tómstundaiðja
 - + Landbúnaðarstarfsemi eininga sem hafa ekki landbúnað sem aðalstarfsemi (sbr. 1.18)“

25) Í stað fyrsta undirliðar liðar 2.055 komi eftirfarandi:

- „1. Sú tvenns konar starfsemi, sem fer fram, skal falla undir mismunandi fjögurra tölustafa þrep í NACE, 2. endursk. (deild 01: Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi). Beiting þessarar viðmiðunar kemur t.d. í veg fyrir að fræ, sem framleitt er og notað á sömu bújörð til framleiðslu nytjajurta, séu metin (á sama reikningsskilatímabili).“

26) Í stað fyrsta málslíðar í lið 2.062 komi eftirfarandi:

- „Landbúnaðarafurðir, sem landbúnaðareiningin vinnur úr með aðgreinanlegum hætti (þ.e. verður til þess að stofnuð er staðbundin rekstrareining sem fellur ekki undir landbúnað) og neytt er á heimili bóndans, eru færðar undir framleiðslu í „Framleiðsla“ (bálgur C í NACE, 2. endursk.) sem eigin neysla.“

27) Í stað liðar 2.063 komi eftirfarandi:

- „2.063. Húsaleiguígildi eigin húsnæðis er ekki fært hér heldur undir greininni „Fasteignaleiga“ (grein 68.20 í NACE, 2. endursk.). Leiga húsnæðis er starfsemi sem fellur ekki undir landbúnað og er alltaf talin aðgreinanleg frá landbúnaðarstarfsemi.“